

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 1. febrúar 2024

Mál nr. S-1995/2023:

## Ákærvaldið

(Kristín Ingileifsdóttir saksóknari)

gegn

## Piotr Listopad

(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)

### Dómur:

#### I

Mál þetta, sem dómtekið var 11. janúar 2024, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara útgefinni 17. ágúst 2023, á hendur ákærða Piotr Listopad, kt. 000000-0000, [...], [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2017 til og með 2019, vegna tekjuáranna 2016 til og með 2018, en með þeim hætti vanframtaldi ákærði tekjur frá New Design ehf., kt. 000000-0000, að fjárhæð samtals 52.793.314 krónur, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tl. A liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Með framangreindum hætti komst ákærði undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að fjárhæð 23.759.884 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

#### Tekjuárið 2016:

Framtalinn tekjuskattsstofn:	kr.	6.912.000
Vanframtaldar tekjur:	kr.	12.486.280
<i>Vantaldar tekjur alls:</i>	<i>kr.</i>	<i>12.486.280</i>

Tekjuskattur, skattprósenta 23,9%	kr.	748.519
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	453.496
(Af stofni kr. 4.032.420 - 10.043.880)		

Tekjuskattur, skattprósenta 31,8%	kr.	2.974.699
Útsvar, útsvarsprósenta 14,48%	kr.	1.354.517

(Af stofni yfir kr. 10.043.880)

Ónýttur persónuafsláttur kr. 0

*Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:* kr. 5.531.232

**Tekjuárið 2017:**

Framtalinn tekjuskattsstofn: kr. 7.680.000

Vanframtaldar tekjur: kr. 21.780.057

---

*Vantaldar tekjur alls:* kr. 21.780.057

Tekjuskattur, skattprósenta 22,5% kr. 525.709

Útsvar, útsvarsprósenta 14,48% kr. 338.323

(Af stofni kr. 0 - 10.016.488)

Tekjuskattur, skattprósenta 31,8% kr. 6.183.055

Útsvar, útsvarsprósenta 14,48% kr. 2.815.429

(Af stofni yfir kr. 10.016.488)

Ónýttur persónuafsláttur kr. 0

*Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:* kr. 9.862.516

**Tekjuárið 2018:**

Framtalinn tekjuskattsstofn: kr. 8.486.400

Vanframtaldar tekjur: kr. 18.526.977

---

*Vantaldar tekjur alls:* kr. 18.526.977

Tekjuskattur, skattprósenta 22,5% kr. 503.585

Útsvar, útsvarsprósenta 14,48% kr. 324.085

(Af stofni kr. 0 - 10.724.556)

Tekjuskattur, skattprósenta 31,8% kr. 5.179.845

Útsvar, útsvarsprósenta 14,48% kr. 2.358.621

(Af stofni yfir kr. 10.724.556)

Ónýttur persónuafsláttur kr. 0

*Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:* kr. 8.366.136

**Vanframtaldar tekjur alls kr. 52.793.314**

**Vangreiddur tekjuskattur og útsvar kr. 23.759.884**

Brot þetta telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er þess krafist að refsing verði látin falla niður og til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist að ákærði fái endurgreiddnar 24.623.684 krónur auk vaxta frá 7. október 2021 til greiðsludags. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða samkvæmt mati dómsins.

## II

### *Málavextir.*

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hóf 14. maí 2019 formlega rannsókn á skattskilum ákærða vegna tekjuáranna 2016, 2017 og 2018. Rannsókninni lauk með skýrslu 29. september 2020 og ákærða var þá gefinn frestur til andmæla við niðurstöður rannsóknarinnar. Andmæli ákærða bárust 20. október sama ár en þau gáfu ekki tilefni til breytinga á skýrslu skattrannsóknarstjóra.

Ákærði skilaði skattframtölum vegna tekjuáranna 2016, 2017 og 2018 og niðurstaða rannsóknar skattrannsóknarstjóra var sú að ákærði hefði vanframtalið tekjur á fyrrgreindum árum um 52.793.314 krónur vegna úttekta úr rekstri New Design ehf. Þessar úttektir hafi borið að skattleggja samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skattrannsóknarstjóri vísaði máli ákærða til Skattsins með bréfi dags. 18. desember 2020 til endurákvörðunar opinberra gjalda. Sama dag var máli ákærða vísað til héraðssaksóknara vegna meintra brota ákærða á lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í bréfinu til Skattsins kemur fram að samkvæmt beiðni skattrannsóknarstjóra hafi verið kyrrsettar eignir hjá ákærða að andvirði 15.750.000

krónur og hjá samsköttunaraðila ákærða að andvirði 10.180.000 krónur vegna væntanlegrar skattkröfu á hendur ákærða.

Með bréfi Skattsins dags. 20. maí 2021 var ákærða tilkynnt um úrskurð varðandi endurákvörðun opinberra gjalda gjaldaárin 2017 til og með 2019 á grundvelli rannsóknar skattrannsóknarstjóra. Niðurstaða Skattsins var sú sama og skattrannsóknarstjóra að ákærði hefði vanframtalið tekjur sínar á árunum 2016 til og með 2018 um 52.793.314 krónur. Skatturinn tilkynnti ákærða um fyrirhugaða endurákvörðun opinberra gjalda hans í samræmi við það og engin andmæli bárust frá honum.

Gjaldárið 2017 hækkaði stofn ákærða til útreiknings tekjuskatts og útsvars um 12.486.280 krónur, gjaldárið 2018 hækkaði stofninn um 21.780.057 krónur og gjaldárið 2019 hækkaði stofninn um 18.526.977 krónur. Ákærði kærði endurálagningu opinberra gjalda til yfirskattanefndar og krafðist þess að úrskurður þar um yrði felldur úr gildi. Með úrskurði 24. mars 2022 hafnaði yfirskattanefnd kröfu ákærða.

Niðurstaða rannsóknar héraðssaksóknara var sú sama og skattrannsóknarstjóra þ.e. að ákærði hefði vanframtalið tekjur sínar árin 2016 til og með 2018 samtals um 52.793.314 krónur og er ákæra í málinu í samræmi við það.

### III

#### ***Framburður ákærða og vitnis fyrir dómi.***

Ákærði neitaði sök og kvaðst ekki hafa haft ásetning til þess að skýra rangt frá tekjum sínum umrædd ár. Ákærði kvaðst hafa komið til Íslands árið 2005 og unnið fyrst hjá byggingafyrirtæki og síðan sem túlkur. Hann hafi síðan stofnað sitt eigið fyrirtæki árið 2011 þ.e. New Design ehf. og verið eigandi þess og framkvæmdastjóri. Hann hafi verið með prókúru fyrir félagið og kreditkort á nafni þess. Ákærði kvaðst hafa lagt félaginu til fjármagn í formi láns við stofnun þess og einnig lánað því fjármuni eftir það og samtals hafi líklega verið um að ræða um 20.000.000 króna. Hann hafi stjórnað daglegum rekstri félagsins, unnið í þágu þess og stundað múrverk árin 2016-2018. Til aðstoðar ákærða hafi verið A sem hafi verið bókarí New Design ehf. og hafi hún líklega verið það frá árinu 2013. Hún hafi einnig unnið fyrir fleiri félög á vegum ákærða sem og gert skattframtöl fyrir ákærða persónulega. Enginn annar hafi komið að rekstri New Design

ehf. en félagið hafi verið með starfsmenn. Ákærði sagði að félagið hafi verið með einn bankareikning.

Ákærði sagði að bókarinn New Design ehf. hafi sagt honum hvað félagið skuldaði ákærða á hverjum tíma og þau hafi skoðað hreyfingalista þar um. Hafi þau hist oft í þeim tilgangi. Ákærði kvaðst hafa spurt bókarann hvað ákærði gæti gert vegna skuldar félagsins við hann. Bókarinn hafi sagt að hægt væri að millifæra frá félaginu og inn á reikning ákærða vegna þessa. Hann hafi því haldið að það væri í lagi með umræddar millifærslur. Ákærði sagði að tölulegar niðurstöður úr rannsókn héraðssaksóknara væru ekki í samræmi við upplýsingar frá bókarann félagsins. Ákærði kvaðst hafa látið bókarann hafa reikninga varðandi rekstur félagsins og þau hafi rætt hvað væri tengt rekstri þess.

Ákærði sagði að bókarinn hafi gert skattframtöl ákærða fyrir árin 2016-2018 og hann hafi talið að framtölin væru rétt enda hafi bókarinn gert þau og skilað þeim inn. Bókarinn hafi afað þeirra gagna sem hún hafi þurft til að gera skattframtölin og ákærði kvaðst ekki hafa farið yfir framtölin áður en þeim hafi verið skilað. Ákærði taldi að skattframtölin hafi gefið rétta mynd af fjárhag hans hverju sinni þ.e. um tekjur, eignir og skuldir.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft ásetning til að brjóta gegn skattalögum og hann hafi talið að hann væri ekki að brjóta lög með því að millifæra fjármuni frá New Design ehf. inn á persónulegan reikning ákærða. Ákærði kvaðst hafa reynt að nálgast gögn um lán hans til félagsins en ekki hafi verið hægt að afa gagna sem hafi verið eldri en fimm ára. Ákærði kvaðst hafa greitt þá skatta sem hafi verið endurákvarðaðir á hann með fyrirvara um réttmæti þeirra.

Vitnið, A, kvaðst vera viðskiptafræðingur og hafa starfað við bókhald og gerð skattframtala frá 1992. Hún kvaðst vera sjálfstætt starfandi. Vitnið kvaðst hafa starfað fyrir New Design ehf. og fleiri félög á vegum ákærða. Fyrirkomulagið hafi verið þannig að ákærði hafi komið með gögn til vitnisins og það unnið úr þeim en einnig hafi vitnið útbúið reikninga og annast launaútreikninga fyrir félagið. Vitnið sagði að ákærði hafi skilað gögnum varðandi félagið til vitnisins og þau hafi ekki rætt sérstaklega hvort reikningar tilheyrðu félaginu ef þeir hafi verið á kennitölu þess. Ef ekkert hafi verið athugavert við reikninga á kennitölu félagsins hafi þeir verið bókaðir annars hefði vitnið

spurt ákærða út í þá. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa gert athugasemd við reikning vegna armbandsúrs og það hafi líklega verið bókað sem eign félagsins. Vitnið kvaðst hafa fengið bankayfirlit félagsins til að stemma af bankareikninga þess.

Vitnið kvaðst hafa gert launamiða fyrir félagið og tekjur ákærða hafi verið byggðar á þeim. Vitnið kvaðst hafa gert skattframtöl fyrir ákærða fyrir árin 2016 og 2017 eins og þau bæru með sér og líklega hafi vitnið einnig gert skattframtal ákærða fyrir árið 2018 þó það komi ekki fram á framtalinu. Vitnið kvaðst ekki muna hvort það hafi fengið gögn frá ákærða til að gera framtölin. Vitnið kvaðst ekki hafa haft aðgang að bankareikningum ákærða við framtalsgerðina heldur aðeins tekið stöðu þeirra í árslok eins og hún hafi verið forskráð á framtölin. Vitnið kvaðst ekki hafa farið yfir skattframtölin með ákærða áður en vitnið hafi skilað þeim inn.

Vitnið sagði að ákærði hafi spurt það hvort hann ætti inni hjá New Design ehf. og síðan hafi hann skilað til vitnisins kvittunum um millifærslur frá New Design ehf. inn á ákærða og þar hafi t.d. verið um að ræða laun eða endurgreiðslu á lánum ákærða til félagsins. Vitnið kvaðst telja að það hafi bókað allar greiðslur frá New Design ehf. til ákærða.

#### IV

##### *Niðurstaða.*

Ákærða er gefið að sök meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2017, 2018 og 2019 og vanframtalið tekjur þessi ár samtals að fjárhæð 52.793.314 krónur og þannig komið sér hjá því að greiða tekjuskatt og útsvar samtals að fjárhæð 23.759.884 krónur. Ákærði neitar sök og segir ásetning sinn ekki hafa staðið til þess að fremja skattalagabrot.

Eins og fram er komið skilaði ákærði skattframtölum vegna tekjuáranna 2016 til og með 2018 en niðurstaða rannsóknar skattrannsóknarstjóra á skattskilum ákærða fyrir þessi ár var sú að hann hefði vanframtalið tekjur á fyrrgreindum árum um 52.793.314 krónur vegna úttekta úr rekstri New Design ehf. En úttektirnar hafi borið að skattleggja samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Í kjölfarið á rannsókn skattrannsóknarstjóra var máli ákærða vísað til Skattsins til endurákvörðunar opinberra gjalda. Þá höfðu einnig verið kyrrsettar eignir hjá ákærða og

samsköttunaraðila hans vegna væntanlegrar skattkröfu á hendur ákærða. Skatturinn endurákvarðaði opinber gjöld hans fyrir gjaldárin 2017 til og með 2019 á grundvelli niðurstöðu skattrannsóknarstjóra. En niðurstaða Skattsins og skattrannsóknarstjóra var sú sama þ.e. að ákærði hafi vanframtalið tekjur sínar á árunum 2016 til og með 2018 um 52.793.314 krónur og var tekjuskattur og útsvar ákærða endurákvarðað í samræmi við það. Ákærði kærði endurálagningu opinberra gjalda til yfirskattanefndar og krafðist þess að úrskurður þar um yrði felldur úr gildi en því var hafnað af yfirskattanefnd. Ekki verður séð að ákærði hafi borið niðurstöðu yfirskattanefndar undir dómstóla.

Skattrannsóknarstjóri sendi mál ákærða einnig til héraðssaksóknara og niðurstaða hans var sú sama og skattrannsóknarstjóra þ.e. að ákærði hefði vanframtalið tekjur sínar árin 2016 til og með 2018 um 52.793.314 krónur og er það í samræmi við ákæru málsins.

Ekki verður annað ráðið af rannsóknargögnum málsins en að niðurstaða skattrannsóknarstjóra og héraðssaksóknara sé rétt um það að ákærði hafi vanframtalið tekjur sínar í samræmi við framangreint. Opinber gjöld ákærða voru endurákvörðuð í samræmi við það og þá niðurstöðu skattfyrvalda hefur ákærði ekki borið undir dómstóla.

Um leið og ákærði skilaði skattframtölum sínum fyrir gjaldárin 2016 til og með 2018 og vanframtaldi tekjur sínar fyrir þessi ár voru brot hans fullframin. Það sem ákærði hugsanlega aðhafðist eftir að hann skilaði skattframtölum sínum fyrir þessi ár getur engu breytt um það en getur komið til skoðunar við ákvörðun refsingar í málinu.

Ákærði hefur ekki hnekkð því að ákæra í málinu sé rétt en hún byggist á rannsóknargögnum málsins og ekki hefur verið sýnt fram á að þau séu röng í einhverjum atriðum sem máli skipta.

Ákærði heldur því fram að bókarinn hafi annast gerð bókhalds fyrir New Design ehf. og ákærði hafi greitt frá félaginu til sín persónulega í samráði við bókarann sem hafi staðfest að félagið hafi staðið í skuld við ákærða. Þar hafi ýmist verið um endurgreiðslur á lánum ákærða til félagsins að ræða eða laun hans. Þá hafi bókarinn skilað persónulegum skattframtölum ákærða. Þannig að ákærði hafi talið að þetta væri rétt og ásetningur hans hafi ekki staðið til skattalagabrota. Ákærði var eigandi, stjórnarmaður og

frankvæmdastjóri New Design ehf. og bar í samræmi við það ábyrgð á því að rekstur félagsins væri í lögmætu formi þ.m.t. bókhald þess. Þá breytir það engu þó ákærði hafi látið það öðrum eftir að skila skattframtölum hans þar sem hann bar eftir sem áður ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar koma fram og á því að tekjur hans væru þar réttilega tilgreindar. Ekkert hald er því í fyrrgreindum mótbárum ákærða.

Eftir að ákærði framdi brot sitt tóku gildi lög nr. 29/2021 um rannsókn og saksókn skattalagabrota og fyrirmæli ríkissaksóknara um meðferð skattamála nr. 6/2021. Þessi lög og reglur höfðu í för með sér breytta tilhögun á refsimeðferð skattalagabrota og mun draga úr heimfærslu slíkra brota til 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 frá því sem áður var. Tilvitnuð lög hafa ekki þýðingu við mat á refsinemi þeirrar háttsemi sem ákært er fyrir í máli þessu né lögbundin viðurlög við þeim.

Ákærði skilaði efnislega röngum skattframtölum, vanframtaldi tekjur sínar og með því kom hann sér hjá greiðslu á verulegri fjárhæð opinberra gjalda. Ákærði bar ábyrgð á því að gefa umræddar tekjur upp til skatts. Hann hefur ekki gefið haldbærar skýringar á þessari vanrækslu sinni sem virða ber honum til stórkostlegs hirðuleysis í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Eins og fram er komið var brot ákærða stórfellt og er réttilega heimfært til refsíákvæða í ákærunni. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við það.

Það athugist að krafa ákærða um endurgreiðslu opinberra gjalda kemur ekki til skoðunar í sakamáli á hendur honum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu sem skiptir máli við ákvörðun refsingar í þessu máli. Samkvæmt gögnum málsins hefur ákærði greitt þau opinberu gjöld sem voru endurákvörðuð á hann í kjölfar rannsókna á skattskilum hans árin 2016-2018. Þrátt fyrir að brot ákærða hafi verið stórfellt þykir með vísan til þessa mega ákveða að miða við sektarlágmark laga við ákvörðun sektarrefsingar í málinu, sbr.

1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig verður tekið tillit til þessa við ákvörðun fangelsisrefsingar í málinu. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu þess hluta refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði skal jafnframt greiða 47.520.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þess að telja en sæti ella fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sverris Sigurjónssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins 1.205.280 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til vinnu verjandans á rannsóknarstigi málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Klara Dögg Steingrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Piotr Listopad, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu á þeim hluta refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði greiði 47.520.000 krónur í sekt til ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sverris Sigurjónssonar lögmanns, 1.205.280 krónur.

Ingi Tryggvason